

Starfsáætlun Álfatúns 2019-2020

1 Inngangur

Leikskólinn Álfatún er staðsettur austast í hlíðum Fossvogsdalsins. Hann er á þremur hæðum, stendur hátt og er útsýni vítt og fagurt. Leikskólinn tók til starfa 1. nóvember 2001 þegar bæjarsjóður Kópavogs keypti og yfirtók rekstur einkarekins leikskóla að Álfatúni 2.

Heimasíða leikskólans er alfatun2@kopavogur.is og þar má finna skólanámsskrá leikskólans.

2 Um leikskólann

2.1 Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými

Leikskólinn Álfatún er fimm deilda leikskóli fyrir 1 - 6 ára börn. Hann er í þriggja hæða húsi frá 1983, alls um 667,8 fermetrar. Heildarrými pr. barn er um 7 fermetrar og dvelja yngstu börnin á fyrstu hæðinni og á miðhæð eru eins til tveggja ára börn þetta skólaár. Þriggja til sex ára börn eru á efstu hæð. Á miðhæð er salur sem er nýttur af öllum deildum skólans. Garðurinn er 1555 fermetrar og er í talsverðum halla sem eykur mjög á hreyfigetu barnanna en veldur því einnig að erfiðara er að nýta allan garðinn. Leikrými í garðinum er um 17 fermetrar pr. barn. Vorið 2019 verður byrjað á fyrsta áfanga í lóðarfrankvæmdum og garðurinn lagaður innan lóðar. Teikningar eru metnaðarfullar og vorið 2020 á að ráðast í töluverðar stækkun á garðinum. Ekkert varð úr málningarvinnu sem stefnt var að. En breytingar á kaffistofu og vinnuaðstöðu tókust mjög vel og er það til mikilla hagsbóta fyrir alla starfsmenn.

2.2 Námskrá, stefna, uppeldislegar áherslur og skipulag

Leikskólinn starfar eftir aðalnámsskrá leikskóla, námsskrá leikskóla Kópavogs og skólanámsskrá Álfatúns sem var gefin út á afmæli Kópavogs þann 11. maí 2015. Þar segir að við í leikskólanum viljum horfa til John Dewey, Lev Vygotsky, Rogoff og Noddings í starfi okkar og leggja áherslu á samskipti þar sem umhyggja, virðing, traust, sanngirni, öryggi og hlýja ræður ríkjum. Þannig teljum við að börnin öðlist sjálfsvirðingu og sjálfstraust ásamt því að bera virðingu fyrir öðrum.

Dagskipulag:

7:30 - 8:30	Leikskólinn opnar og tekið er á móti börnunum með rólegum leik
8:30 - 9:00	Morgunverður
9:00 - 9:15	Samverustund
9.15 - 11:15	Leikur, hópavinna, listsköpun, val, útivera, samvera fyrir mat
11:15	Yngstu börnin borða hádegismat
11:45	Hvöld yngstu barna
11:45	Eldri börnin borða hádegisverð og fara í hvöld
13:00	Elstu börnin fara í útiveru, hópavinnu, val og hreyfingu
14:30 - 15:00	Nónhressing
15:30 -16:30	Leikur
16:30	Leikskólinn lokar

3 Starfsáætlun næsta leikskólaárs

3.1 Leikskólastarfið

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla byggir leikskólastarf á sex grunnþáttum menntunar sem eru: Læsi, Sjálfbærni, Lýðræði og mannréttindi, Jafnrétti, Heilbrigði og velferð og Sköpun. Þeim þáttum er síðan fléttað inn í námsþætti leikskólans sem eru eftirfarandi.

Læsi og samskipti: Læsi felst m.a. í að lesa í umhverfi, aðstæður, tilfinningar og ýmiss konar tákni. Ýtt verður undir læsi í gegnum myndmál, sjónrænt skipulag og með því að setja orð á athafnir og hvetja til rannsókna.

Heilbrigði og vellíðan: Felst m.a. í góðri sjálfsmynd og því að finna fyrir öryggi og trausti. Lögð verður áhersla á líkamlega umhirðu og sjálfshjálp, umhyggju og félagsleg tengsl. Einnig útivist, tengingu við náttúruna og hreyfingu.

Sköpun og menning: Sköpun og skapandi hugsun er lykill að námi og þróun. Sköpun felst m.a. í að uppgötva og njóta, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Menning er hluti af daglegu lífi okkar og speglast í viðhorfi og möguleikum okkar. Könnun og rannsókn

verður lögð til grundvallar í starfinu og hvatt til þess að ímyndunaraflið fái notið sín. Virðing, traust og jafnrétti eru þættir sem við viljum að einkenni menningu leikskólans.

Sjálfbærni og vísindi: Sjálfbærni og vísindi felst í að uppgötva eðli og eiginleika ýmissa efna og fyrirbæra, ásamt því að kynnast náttúrunni og bera virðingu fyrir henni. Að kanna, rannsaka, skoða, spyrja spurninga, virkja ímyndunaraflið og ýta undir forvitni og vangaveltur. Þau uppgötva ýmiskonar efni og fyrirbæri og kynnast náttúrunni og læra að bera virðingu fyrir henni.

1 – 2 ára börn. Björk, Lind og Hlíð

Umhyggja, hlustun og traust verða lykilorð og munum við leggja áherslu á örvandi umhverfi og skynjun. Æfa okkur í daglegum athöfnum og upplifa og taka fyrstu skrefin í átt til sjálfshjálpar. Vera með opið leikefni, könnunarleik og könnunarferðir þar sem við rannsökum og örvum skynjun og þroska með fjölbreyttum efnivið. Mikil málörvun verður þar sem við lesum, syngjum og leikum okkur með tungumálið. Hjá yngstu börnunum er áhersla á orðaforða, hugtakaskilning og rytma. Munum einnig nota Lubba í málörvun. Við teljum mikilvægt að búa til góðar tengingar og traust milli heimilis og skóla og stefnum að því að styrkja það með ýmsum leiðum. Svo er mikil útivera og salurinn notaður til að örva grófhreyfingar.

2-3 ára börn. Lind og Hlíð

Umhyggja, hlustun og traust verða áfram lykilorð og munum við leggja áherslu á örvandi umhverfi og skynjun, könnun og tilraunir.

Málrækt: Málörvun fer fram alla daga í gegnum leiki, spil, hlustun á sögur, söng og fleira. TMT (tákn með tali) er notað í samveru, söngstundum og matartímum. Lubbi finnur málbein mun koma til okkar og kynna fyrir okkur máhljóðin. Tuskudýrið Engilráð verður með okkur, þar sem hún fer heim með hverju barni 2x yfir skólaárið. Með henni fylgir dagbók þar sem foreldrar eru hvattir til að ræða við barnið sitt um hvað þau voru að gera saman með Engilráð og síðan skrifa um það í dagbókina. Vinnan við dagbókina getur verið kveikja að skemmtilegum samræðum og vangaveltum innan hópsins, en jafnframt vakið athygli barnanna og skilning á að við erum öll ólík og aðstæður okkar líka.

Sköpun: höldum áfram með þemað ég sjálfur. Virkjum ímyndunaraflið og hvetjum til rannsókna með fjölbreyttan efnivið. Við munum einnig vinna með árstíðir og nánasta umhverfi barnanna. Náttúrulegur efniviður verður notaður ásamt ýmiskonar efnivið sem til er í húsinu.

Hóparnir verða aldursskiptir og unnið verður með félagsleg tengsl, samvinnu, umhyggju og virðingu.

Hreyfing: skipulögð hreyfistund í sal 1x í viku og frjáls tími 1x í viku. Margvíslegar þrautbrautir, boltar, jafnvægi, þol, leikir, dans og fl. Einnig verður mikið sungið, dansað og leikið á hljóðgjafa af ýmsu tagi bæði heimagerða og svo hljóðfæri. Með vorinu stefnum við að því að fara út fyrir garðinn og kanna nýjar slóðir.

3-6 ára börn. Kátakot

Næstkomandi skólaár verða tvær deildir á efstu hæðinni og þrjú árgangar. Áfram verður það fyrirkomulag að helmingur barna á hæð verður inni á meðan aðrir eru í útiveru. Með þessum hætti nýtist húsnæðið mjög vel og starfið verður markvissara með hverjum árgangi.

Starfið mótast af aldri og þroska barnanna og unnið er út frá áhugasviði þeirra. Hjá yngstu börnunum er áhersla á könnun og rannsókn en eftir því sem þau eldast flyst áherslan á tilraunir og tjáningu. Við leggjum áherslu á að vinna með þematengd verkefni eins og „ég sjálf/ur“ ,fjölskyldan, umhverfið og dalurinn okkar. Samofið þessu starfi er áhersla á málrækt, hreyfingu og skapandi starf. Börnin dvelja við verkefni, ígrunda þau og tjá sig um upplifanir sínar. Orð og tjáning barnanna eru leiðarstef í starfinu. Notaðar eru skráningar og myndir til að gera nám og leik þeirra sýnileg.

Málrækt: Lögð verður áhersla á að auka orðaforða og tjáningu með lestri bóka, söng, sögu- og leikritaspuna. Vinnum með þulur og ljóð. Unnið verður með rím, orð og atkvæði klöppuð, leikið með málið og fjölbreyttan orðaforða. Börnin verða hvött til að tjá sig um það sem er í umhverfinu inni og úti og það notað í skapandi starfi. Mikið verður lesið og sungið og elstu börnin verða með kór. Málörvun fer fram alla daga í öllum aðstæðum. Ritmál er gert sýnilegt með bókum og merkingum á hlutum og umhverfi. Pappír og ritföng eru sýnileg og í góðu aðgengi í frjálsum leik. Erum með Gæfu(kisubangsi) og Trausta (hundabangsi) sem fer heim með þeim og fær að upplifa daglegt líf heima fyrir. Foreldrar skrifa í bók hvað var gert og það svo lesið upp í samverustund. Einnig erum við með póstkassa, sem börnin geta skrifað bréf með hjálp foreldra og sett í kassann og bréfið er svo lesið í samverustund. Barnið fær rödd í þessum stóra barnahóp, sem eflir sjálfsmynd þeirra og sjálfstraust.

Hreyfing: Útivera er stór hluti af leikskólastarfinu og við notum dalinn okkar og garðinn til að efla gróf og fínhreyfingar. Farið verður í gönguferðir, styttri og lengri. Líkamsvitund,

vellíðan, sjálfstæði, samkennd, félagsfærni og úthald verður markmiðið með útiveru. Farið verður í leiki bæði frjálssa og skipulagða.

Skapandi starf: Í skapandi starfi er virkjuð forvitni, athafnaþrá og frumkvæði barnsins. Við mótum viðfangsefni og miðlum þeim, finnum út áhugasvið barnanna og vinnum út frá því. Efniviður í náttúrunni verður rannsakaður og notaður til listsköpunar og uppgötvunar. Hópastarf verður tvisvar til þrisvar í viku og þar verður unnið með félagsleg tengsl sem verða eflid með tillitsemi, samvinnu og samhjálp. Með þessu móti ýtum við undir uppgötvun barnanna, gagnrýna hugsun, örvum forvitni þeirra og áhuga, virkjum ímyndunaraflíð og leikum okkur með möguleika til að skapa og njóta. Við leggjum áherslu á sköpunarferlið sem slíkt ekki síður en afrakstur verksins. Í öllu þessu ferli er leikurinn aðalnámsleiðin.

Elstu börnin

Börnin fást við ýmiskonar krefjandi verkefni sem hæfa aldri þeirra og markmiðin með þeim eru að efla sjálfsmynd, hugrekki, sjálfstæði og frumkvæði. Þetta verða leikskólaverkefni þar sem hugmyndafræði og starfsaðferðir leikskóla eru lögð til grundvallar með leikinn sem aðalnámsleið. Unnið er með læsi, stærðfræði og heimspekilega hugsun barna þar sem er lögð áhersla á tölur, tákni og hringrásir náttúrunnar. Börnin læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og hvernig vistspor þeirra og nærsamfélagsins geta stuðlað að sjálfbærni.

Farið er meira út í samfélagið og víkkaður þannig sjóndeildarhringurinn, til dæmis er farið í Þjóðleikhúsið og Hörpu, slökkviliðið og umferðarskólinn koma í heimsókn og samstarf er við leik- og grunnskóla í kring á degi eineltis. Þá er Dagur leikskólans einnig með sterka tengingu út í samfélagið hjá okkur.

Börnin útskrifast svo við hátíðlega athöfn með foreldrum sínum og kennurum. Þar koma þau fram fyrir stóran hóp með listviðburði sem þau hafa æft vikum saman.

Sérkennsla: Í Álfatúni er lögð áhersla á að skapa styðjandi umhverfi fyrir öll börn þar sem þau læra í gegnum leik og upplifa margbreytileika samfélagsins og tekur sérkennsla í leikskólunum mið af því. Einnig er markmið að allir starfsmenn viðkomandi deilda komi að börnum sem njóta viðbótarstuðnings.

Sérkennslustjóri heldur utan um sértæk úrræði í samstarfi við deildarstjóra viðkomandi deilda, foreldra, ráðgefandi sérfræðinga og stuðningsaðila barnanna. Gerðar eru námskrár fyrir börn sem fá viðbótarstuðning og þær endurskoðaðar eins oft og þörf var á.

Sérkennsla fer alla jafna fram í hópnum með öðrum börnum en þó er alltaf tekið mið af þörfum barnanna hverju sinni og síðasta skólaár fóru nokkur börn í einstaklingsþjálfun.

Atferlisráðgjafi frá Greiningar- og ráðgjafastöð vann í nánu samstarfi við starfsfólk að atferlisþjálfun barna í leikskólanum. Náttúruleg kennsla (naturalistic teaching) var notuð sem og TEACCH þjónustulíkanið. Að venju hefur málörvun verið gífurlega mikilvægur þáttur.

3.2 Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir

Ýmsir fastir liðir eru í skólastarfi leikskólans, helst má þó nefna:

- Fagnaðarfundir eru einu sinni í viku í sal skólans
- Litadagar eru reglulega yfir veturinn
- Dagur íslenskrar tungu, sérstök áhersla á lestur, ljóð og söng
- Dagur íslenskrar náttúru, eldri börnin fara í dalinn
- Elstu börnin heimsækja Þjóðleikhúsið
- Piparkökukaffi í byrjun desember. Börnin bjóða foreldrum/ forráðamönnum í heitt súkkulaði og piparkökur
- Jólatrésskemmtun er haldin í salnum í desember
- Bóndadagur
- Dagur leikskólans er 6. febrúar. Farið er út í samfélagið og vakið máls á mikilvægi leikskólans í samfélaginu
- Öskudagur, þá er slegið upp dansleik í leikskólanum
- Konudagur
- Útskrift elstu barna að vori
- Útskriftarferð elstu barna að vori
- Opið hús í maí
- Sumarhátíð foreldrafélagsins og leikskólans í byrjun sumars

Feðrum og öfum annars vegar og svo mæðrum og ömmum hefur verið boðið í morgunmat í tengslum við Bóndadag og Konudag en þetta skólaár ætlum við að hafa morgunmat fyrir báða foreldra í tengslum við Dag leikskólans og sleppa hinum tveimur. Dalaferð sem hefur

verið í skóladagatali hefur svo tvo ár í röð fallið niður vegna veðurs og annarra viðburða og var hún ekki sett inn núna. Foreldrafélagið kaupir með leikskólanum námskeið af einhverju tagi á vorönn. Síðast liðið ár fengum við til okkar Kramhúsið og skemmst frá því að segja voru bæði börn og starfsfólk himinlifandi og hefðu viljað mun lengri námskeið.

3.3 Þróunar- og nýbreytnistarf

Ef farið er yfir þróunar og nýbreytnistarfið þá má segja að ferilmappan sé væntanlega komin til að vera og þróast smám saman áfram. Aftur á móti dattu barnateymisfundirnir út, þar sem þeir skiluðu ekki því sem af þeim var vænst. Fjölmeningarvikan var endurtekin og nú helguð tónlist frá hinum ýmsu löndum og endaði á skemmtilegu balli í sal. Samrekstur á efstu hæð hélst út veturinn. Því fylgdu bæði kostir og gallar, meiri samvinna varð á milli deilda og meiri heild. En erfitt var fyrir deildarstjórnann að hafa yfirsýn yfir börn og starfsfólk og því munu verða tveir deildastjórar næsta vetur en við væntum þess að geta haldið í samvinnuna sem náðist í vetur. Svo hefur farið fram endurskoðun á reglum varðandi persónuvernd.

Næsta vetur munum við fara af stað með mótunarvinnu þar sem við munum skoða hvernig Barnasáttmálinn og Heimsmarkmiðin tengjast starfi hjá okkur og í framhaldinu skoða hvar við getum styrkt þá þætti. Bæði sáttmálinn og Heimsmarkmiðin eru verkefni sem Kópavogsbær er að innleiða hjá bæjarsamfélaginu og var hafinn undirbúningsvinna að þeim í vetur. Þann 20 nóvember mun verða haldið upp á 30 ára afmæli sáttmálans með einhverjum viðburði á vegum leik- og grunnskóla.

4 Starfsmenn

4.1 Starfsmannastefna

Leikskólinn starfar eftir starfsmannastefnu Kópavogsbæjar. Einnig leggur hann áherslu á að allir starfsmenn eigi kost á símenntun í starfi sínu og geti sótt námskeið, fundi og ráðstefnur sem varða störf þeirra, á vinnutíma ef þess er nokkur kostur. Grunnur starfsmannastefnu Álfatúns er Traust - Gleði - Samvinna - Ábyrgð - Virðing.

Mikilvægt er að starfsmenn leikskólans séu samhentir og vinni vel saman. Félagslíf utan daglegs vinnutíma stuðlar að því að þetta starfsmannahópin og skapa góðan anda. Í leikskólanum er starfandi öflugt starfsmannafélag sem sér um allt það sem lýtur að samverustundum utan daglegs vinnutíma, eins og sumargleði, árshátíð, gönguferðir og annað sem

starfsfólk hefur áhuga á. Einnig er lögð áhersla á að leikskólinn bjóði jólamat, gefi starfsmannagjafir eftir ákveðinn árafjölda í starfi, jólagjafir og fleira.

4.2 Áherslur í samstarfi svo sem handleiðsla, starfsmannasamtöl og móttaka nýrra starfsmanna

Starfsþróunarsamtöl voru seinni hluta vormisseris og voru allir fyrir utan deildarstjóra boðnir í samtal. Áhersla var lögð á að skoða almenna líðan í starfi, upplýsingastreymi, áskoranir í starfi og markmið fyrir næsta skólaár en þetta eru þættir sem við höfum gjarnan tekið fyrir annað hvert ár. Almennt er lögð mikil áhersla á að alltaf sé hægt að ræða við stjórnendur og allir hvattir til að ræða saman. Móttökuáætlun var endurskoðuð og einfölduð en í aðaldráttum er það svo að aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri taka á móti nýliðum og sjá um að sýna þeim skólann og kynna þeim starfsmannastefnu og áherslur leikskólans. Deildarstjórar sjá síðan um að koma þeim inn í starfið. Einn starfsmaður leikskólans mun svo vera nýjum starfsmanni til leiðsagnar og ráðgjafar fyrstu vikurnar í starfi en það er ný staða sem menntasvið er að þróa og mun það vonandi skila sér í öruggara starfsfólki. Leikskólastjóri er í handleiðsluhópi með leikskólastjórum Kópahvols, Grænatúns, Furugrundar og Marbakka. Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri eru einnig í handleiðsluhópum.

4.3 Samsetning starfsmannahópsins

Stöðugildi næsta skólaár verða um 24 miðað við fullt hús barna og þar af rúm tvö vegna viðbótarstuðnings. Einhverjar breytingar verða á starfsmannahaldi þar sem tveir starfsmenn munu kveðja okkur. Fyrirsjáanlegt er að hér verði sjö leikskólakennarar og þrír með aðra háskólamenntun.

4.4 Fundir

Deildarfundir eru áætlaðir á fjögurra vikna fresti og eru haldnir ýmist að kveldi til eða á skipulagsdögum en þeir eru einnig nýttir fyrir fundi með öllu starfsfólki auk símenntunar. Starfsmannafundir verða líka teknir eftir vinnu – einn á misseri. Stjórnendafundir eru aðra hvora viku. Skemmst frá að segja varð minna um stjórnendafundi á þessu ári en oft áður og fagfundir og deildarfundir utan vinnu náðist ekki heldur að sinna. Samt sem áður viljum við stefna að því aftur næsta vetur, og finna leiðir til að tryggja að það endurtaki sig ekki.

4.5 Skipulagsdagar

Skipulagsdagar voru vel nýttir að venju meðal annars í undirbúning að foreldraviðtölum, öðru foreldrasamstarfi, deildarfundum, samráðum, símenntun og endurmat á starfsáætlun. Einnig fengum við í vetur námskeið í núvitund og aðferðafræði sem kallast náttúruleg kennsla og svo kom fulltrúi frá Barnavernd, en við höfum verið í tilraunaverkefni með þeim núna sl. tvö ár. Að venju var farið yfir jafnréttismál og verkferla í kringum viðbragðsáætlanir. Einnig höfum við umræðu um Heimsmarkmiðin og Barnasáttmálann en Kópavogsbær er að marka sér stefnu í þeim málum.

Þetta skólaár verða 5 skipulagsdagar sem munu nýtast í undirbúningsvinnu, samráðum, undirbúning að foreldrasamtölum, jafnréttisfræðslu, rauða kross námskeið, umræðu um börnin, fyrirlestra, brunaæfingu, símenntun og fleira. Mikill vilji er hjá starfsmannahópnum að fá námskeið í Tákni með tali og mun það verða skoðað í haust.

4.6 Símenntunaráætlun

Starfsfólki er kynnt endur- og símenntunaráætlun fyrir starfsárið og velur sér þar hver eftir sínu áhugasviði.

4.7 Þátttaka í rannsóknum

Ekki hefur verið ákveðið að taka þátt í rannsóknum.

5 Börn

5.1 Fjöldi barna, aðlögun, flutningur milli deilda og útskrift

Í leikskólanum er gert ráð fyrir áttatíu og einu barni en s.l. ár náðist ekki að fylla í öll rými vegna starfsmannaskorts. Útskriftarhópurinn okkar var óvenju stór eða átján börn sem hafa verið með okkur mislangi. Einnig eru nokkur börn að flytja í sín hverfi eða úr bæjarfélaginu. Útskrift var í lok maí.

Enn er óvíst um fjölda barna næsta skólaár, en allt bendir til þess að barnahópurinn verði ungur og í kringum 20 börn fædd árið 2018. Sumarið er notað til að aðlaga á milli deilda og er börnunum fylgt á nýju deildina á meðan aðlögunarferli stendur. Að loknum flutningi milli deilda hefst aðlögun nýrra barna. Lögð er áhersla á að mynda strax góð tengsl milli leikskóla og heimilis og tryggja gagnkvæma upplýsingamiðlun. Gert er ráð fyrir fimm - átta dögum í

aðlögun en tekið er mið af þörfum hvers barns og aðlögun lengd ef með þarf. Þetta hefur gefið góða raun og lítum við á góða aðlögun sem grundvöll fyrir góðri viðveru áfram.

5.2 Sérkennsla

Miðað við þann fjölda barna sem liggur fyrir að hafi fengið inni í leikskólanum skólaárið 2019-2020 munu 23 börn fá viðbótarstuðning með einum eða öðrum hætti. Þar af eru þrjú í fyrsta flokki og fjórtán eru tvítyngd. Þar sem óljóst er með starfsmannahald næsta vetur verður staðan skoðuð í haust og teknar ákvarðanir um útfærslu sérkennslunnar þá. Áfram verður þó unnið í nánú samstarfi við ráðgjafa Greiningarstöðvar og Menntasviðs Kópavogs.

6 Foreldrasamstarf

6.1 Stefna og áherslur vegna foreldrasamstarfs

Leikskólinn leggur áherslu á að veita upplýsingar um líðan barns og framfarir þess í skólanum. Miðlað er til foreldra upplýsingum um leikskólastarfið almennt og foreldrum veitt ráðgjöf. Því er rík áhersla lögð á upplýsingaflæði á milli leikskóla og heimilis, bæði á heimasíðu skólans og einnig senda deildarstjórar upplýsingapóst til foreldra fyrir utan daglegar samræður og formleg viðtöl.

Áfram verður lögð áhersla á góða samvinnu og jákvæð dagleg samskipti við foreldra og börn í Álfatúni og að mynda um leið traust milli foreldra og starfsfólks. Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og hin daglegu samskipti skipa þar stóran sess en einnig fræðsla og miðlun upplýsinga um leikskólastarfið á heimasíðu og með tölvupósti en stefnt er að því að senda foreldrum fréttir af deildarstarfi viku- til hálfsmánaðarlega. Traustur og ánægður foreldrahópur er forsenda jákvæðra samskipta, samstarfs og samræðu um börnin og góðs orðspors um skólann.

6.2 Foreldraráð

Foreldraráð er starfandi í Álfatúni og hefur það hlutverk að gefa umsagnir til leikskólans og leikskólanefndar samanber 2. mgr. 4. gr. um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldráðið hefur það hlutverk að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur einnig umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu.

6.3 Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

Foreldrum og fjölskyldum barnanna er boðið að taka þátt í ýmsum atburðum í leikskólanum yfir skólaárið. Hefð hefur skapast fyrir því að foreldrum og fjölskyldum hefur verið boðið í piparkökukaffi í byrjun desember og börnin á elstu deild koma fram og syngja. Á þessu skólaári ætlum við að hafa morguhressingu fyrir foreldra á degi leikskólans í stað bóndadags og konudags. Foreldrafélag er starfandi við skólann og í júní er sumarhátíð félagsins haldin í samstarfi við leikskólann. Haldnir eru kynningarfundir fyrir foreldra nýrra barna í leikskólanum þar sem veittar eru almennar upplýsingar um leikskólastarfið og lagður grunnur að góðu samstarfi.

6.4 Fræðsla og upplýsingar til foreldra

Almenn foreldraviðtöl eru haldin í mars. Áhersla er þó lögð á það að foreldrar geti ávallt óskað eftir viðtali við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra og sérkennslustjóra. Rafrænn póstur er sendur reglulega til foreldra. Einnig birtast hagnýtar upplýsingar á heimasíðu leikskólans. Upplýsingatöflur eru á öllum deildum. Dagleg samskipti eru þó alltaf mikilvægust.

6.5 Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi í Álfatúni og foreldrar greiða árgjald.

Foreldrafélagið vinnur mikið og gott starf og hefur skapast hefð á undanförunum árum fyrir þeim viðburðum sem foreldrafélagið stendur fyrir. Þar má nefna jólaball foreldrafélagsins, sveitaferð, páskaeggjaleit og sumarhátíð. Félagið kemur að kostnaði vegna námskeiða fyrir börnin og einnig býður það upp á aðkeypta leiksýningu. Stjórn foreldrafélagsins er skipuð fimm fulltrúum en kallað er eftir þátttöku fleiri aðila ef þurfa þykir. Fulltrúi frá leikskólanum er tengiliður.

7 Samstarf

7.1 Samstarf við grunnskóla

Álfatún er í formlegu samstarfi við Snælandsskóla. Hefð er fyrir því að nemendur fyrsta bekkjar komi í heimsókn og elstu börnin úr Álfatúni fara í heimsókn þangað til að kynna sér grunnskólann og reyna að átta sig á hvað bíður á næsta skólaári.

7.2 Samstarf við aðra

Við eigum í góðu samstarfi við þá samstarfsaðila sem að skólanum koma, bæta mætti þó samræðu milli allra aðila. Það má alltaf gera betur fyrir börnin. Gott væri að yfirmaður fasteigna og garðyrkjustjóri leggðu fram áætlun varðandi lagfæringar /endurbætur og annað sem við á á ári hverju.

Við höfum einnig áhuga á meira samstarfi við leikskólanefnd og meiri samræðu og samstarfi við aðila sem koma að leikskólum bæjarins. Það þarf gott samstarf til að gera góða leikskóla betri.

7.3 Nemar

Við skoðum jákvæðum augum allar beiðnir um nema á komandi skólaári, eins og áður og væri það mjög gott fyrir Álfatún ef við fengjum nema.

8 Mat

8.1 Matsaðferðir

Annað hvert ár leggur skólaskrifstofa fyrir annars vegar foreldramatslista og hins vegar starfsmannalista þar sem metið er m.a. ytra starf, upplýsingastreymi og umhverfi leikskólans. Verið er að þróa nýja matsaðferð eða gátlista á vegum menntasviðs í stað Ecers kvarða sem var orðinn barn síns tíma. Stefnt er að því að meta eitt námssvið á ári og þetta ár var það heilbrigði og vellíðan.

Einnig er mat barna í stöðugri þróun þar sem tveir elstu árgangarnir svara spurningum um daglegt líf. Við höfum að okkar mati ekki dottið niður á einu réttu lausnina en alltaf fengið áhugaverðar svaranir.

Ár hvert fara deildar yfir starfsáætlun síðastliðins árs og byggja áætlun næsta árs á því mati.

8.2 Matsaðferðir síðastliðins starfsárs og niðurstöður

Ekki var lagður fyrir starfsmannalisti í ár. Mat á heilbrigði og vellíðan var gert í marsmánuði og niðurstöður sýna að markmið námsskráa varðandi upplifun barna á öryggi, fullnægju hreyfingu og þess að fá að verða sjálfbjarga, ásamt tækifæra til að þróa með sér jákvæða og heilbrigða líkamsvitund sé mætt í dagskipulagi og skipulagi umhverfis.

Í júní mánuði tók einn starfsmaður að sér að ræða við tvo elstu árganga leikskólans og heyra skoðanir þeirra á samverustundum. Hvað væri skemmtilegast að gera og hvað þau vildu gera oftast. Yngri árgangnum fannst skemmtilegast að syngja, dansa stoppdans, spila alias, leika saman og sitja í sætinu. Og þau vildu oftast fá að gera það. Eldri börnin voru einnig á sama stað, alls konar leikir sérstaklega dans, teningaleikir og gátuleikir voru skemmtilegastir og máttu því væntanlega vera oftast. Vissulega hefði mátt útvíkka þessa könnun og fá að vita hvað þau vildu ekki gera og mætti alveg skoða það betur á næsta ári.

8.3 Mat á starfsáætlun síðastliðins starfsárs og niðurstöður

1-2 ára börn - Björk

Allt starf einkenndist af því að hlúa að og leggja áherslu á barnið sjálft, líkamlega og andlega umönnun. Mikil áhersla var á daglegar venjur og málörvun, mikið var notast við söng og þulur, einnig var stuðst við Lubba og málbeinið. Það var farið í salinn 1-2 sinnum í viku og lögð áhersla á að örva og styrkja grófhreyfingar. Alltaf var lögð áhersla á upplifun, skynjun og sköpun, fjölbreyttan efnivið og könnunarleik. Það var málað, sulað og farið í stuttar gönguferðir með hækkandi sól. Mikil listsköpum með mismunandi aðferðum og efnivið. Flest börnin komu með fjölskyldutrú sitt sem veitti þeim oft hugarró og dró úr aðskilnaðakvíða

2-3 ára börn Hlía - Lind

Unnið var með þemað „ég sjálfur“ og áherslur voru: líkami minn, fjölskyldan, umhverfi, náttúra, litir og form. Einnig heilbrigði og vellíðan ásamt læsi og málörvun. Auk þess var lögð áhersla á samskipti, frumkvæði, sjálfshjálp, umhyggju og góða sjálfsmynd.

Málrækt: Mikil áhersla var á læsi, málörvandi umhverfi, orðaforða og sjónrænt skipulag. Málörvun fór fram alla daga og í mismunandi aðstæðum, við unnum með orðaforða og ný hugtök. Sögu- og samverustundir voru daglega þar sem lesnar voru sögur, sungið, farið í hreyfileiki eða dansað. Einnig voru notuð spil og önnur málörvunarefni. Verkefnið Engilráð hélt áfram þar sem bangsinn Engilráð fór heim með hverju barni yfir eina helgi en markmiðið með því er tvíþætt: annars vegar að tengja heimili og skóla og hins vegar að barnið fái að koma fram fyrir hópinn og segja frá sínu lífi.

Hreyfing: Áherslur voru á samhæfingu, þol, jafnvægi og líkamsvitund. Farið var í skipulagðar hreyfistundir í salnum tvisvar í viku yfir veturinn og einnig hreyfileiki og dans í samverustundum. Notuð voru fjölbreytt áhöld og efniviður og áherslan var á samvinnu og

gleði. Öll börn fóru út minnst einu sinni á dag þar sem þau upplifðu náttúruna og reyndu á líkamann á annan hátt. Einnig voru skipulagðar göngu- og könnunarferðir um nágrennið.

Skapandi starf: Í hópastarfi og samveru var unnið ákveðin þemu tengd þeim sjálfum en einnig umhverfið, árstíðir, liti og náttúruna. Unnið var út frá skynjun og rannsókn og því að uppgötva efniviðinn og prófa sig áfram og gera tilraunir. Unnið var með fjölbreyttan efnivið og endurvinnanleg efni nýtt ásamt náttúrulegum efnivið eins og mold, vatn, grjót, leir, snjó, greinar og lauf. Hópastarf var einu sinni til tvisvar í viku, þar var unnið með félagsleg tengsl, tillitssemi, samvinnu og samhjálp. Hópastarf var vel nýtt til rannsókna þar sem þau fengu að nota ímyndunaraflíð sitt og vangaveltna þar sem of skapaðist umræður út frá verkefnum. Fylgst var gróðrinum og sett niður fræ.

Heilbrigði og vellíðan: Skoðuðum með börnunum hvað er hollt og gott fyrir líkamann og að þau beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Hvöttum til sjálfshjálpar og lögðum áherslu á að börnin þvo sér sjálf um hendur og séu snyrtileg eftir útiveru og hópastarf. Þá var stuðlað að jákvæðu og styðjandi andrúmslofti og að börnin séu hamingjusöm og glöð, sýni umhyggju og læri að vera góð við hvort annað. Við borðum hollan og góðan og fjölbreyttan mat og ýtum undir hreyfingu úti og inni. Slökun og hvíld er nauðsynleg og var alla daga.

3 – 4 ára börn Hlíð -Lind

Sömu áherslur voru hjá eldri börnunum en þau léku sér einnig meira með krefjandi stærðfræði verkefni, spil, máhljóðin og stafi.

4-6 ára Kátakot

Í vetur var efsta hæðin rekin sem ein heild undir heitinu Kátakot með einungis tveimur árgöngum. Fyrirkomulagið var eins og undafarin ár að helmingur barna var inni á meðan aðrir eru í útiveru. Með þessu náum við að nýta rými betur, minnka hávaða og búa til rólegra andrúmsloft. Þetta gaf á margan hátt góða raun þar sem samvinna og heild varð meiri en áður. Áhersla var einnig á foreldrasamstarf þar sem má nefna Lestarorminn en þar eru foreldrar hvattir til að lesa heima með börnunum. Póstkassann þar sem börnin koma með bréf að heiman og Trausta og Gæfu sem fóru heim með börnunum og foreldrar skrifuðu um heimsóknina. Þarna gefst börnunum færi á að sýna eigin menningu og að fá að vera miðdepill smástund.

4-5 ára Ból.

Á Bóli voru börn fædd árið 2014. Viðfangsefni okkar og rauði þráðurinn í starfinu var sjálfbærni og vísindi og ég sjálf/sjálfur. Við lögðum einnig mikla áherslu á vináttu. Unnið var út frá forvitni og áhuga barnanna, ritmál sýnilegt og ýtt undir samvinnu og frumkvæði.

Málrækt, hreyfing og skapandi starf: Í vetur var eins og endranær lögð áhersla á að auka orðaforða og tjáningu með lestri bóka, söng, sögu- og leikritaspuna. Unnið með rím, takt og hljóðkerfið. Svo vorum við mikið á ferðinni út um víðan völl eins og endranær þar sem við náum að styrkja félagsfærni og vináttu ásamt því að örva skynjun, næmni og líkamsþroska. Við virkjuðum ímyndunaraflíð, ígrunduðum og nutum þess að vera vinir.

Settar voru upp leiksýningar, búnir til búningar og sviðsmynd. Mikið rannsóknar- og vísindastarf var unnið þar sem við fylgdumst með tré í gegnum árstíðaskipti, fórum í leiðangra að finna skordýr og plöntur, völdum okkur dýr að rannsaka og kynna. Fylgdumst með fuglum, smíðuðum fuglahús og gáfum þeim mat í vetur.

5-6 ára Lækur

Í vetur voru börn fædd 2013 á Læk. Þar sem þetta var síðasti veturinn á leikskóla var margt um að vera hjá okkur. Þau voru í tveimur hópum og þetta skólaárið ákváðum við að nýta mannauðinn betur og voru hópstjórar tveir og tveir saman með hópana til skiptis í vetur. Við teljum þessa skiptingu hafa heppnast afar vel og að börnin hafi fengið að njóta góðs af ólíkum aðferðum og fjölbreytni í leik og starfi. Rauði þráðurinn í starfi okkar var náttúran og umhverfið, félagsfærni og vináttu. Þau fengust við ýmiskonar krefjandi verkefni sem hæfa aldri þeirra og markmiðin með þeim eru að er að efla sjálfmynd, hugrekki, sjálfstæði og frumkvæði.

Málörvun, hreyfing og skapandi starf: Eins og endranær var lögð áhersla á að vinna með tjáningu og hljóðkerfisvitund. Unnið var með rím og atkvæði klöppuð. Við spyrjum út í sögur og kryfjum framandi orð og texta, spinnum sögur, syngjum og uppgötum. Börnin eru hvött til að tjá sig um það sem er í umhverfinu inni og úti og er það notað í skapandi starfi.

Náttúran og umhverfið er okkur hugleikin. Vð kynnumst bænum okkar þar sem hvert og eitt barn sýnir okkur leiðina að húsinu sínu. Erum í dalnum þar sem við styrkjum líkamsvitund, vellíðan, sjálfstæði, samkennd og félagsfærni um leið og við kynnumst og rannsökum dýralíf og gróður. Við eigum okkur tré sem við fylgjumst með og svo tókum við þátt í verkefni með

Náttúrufræðistofu Kópavogs sem tengdist fuglum og fjöllum og vorum með í Barnamenn-
ingarhátíð Kópavogs.

Við lögðum land undir fót og kynnumst alls konar menningu. Fastir liðir hjá elstu börnunum
eru Slökkviliðheimsókn, sýning í Þjóðleikhúsinu og tónleikar í Hörpunni einnig var farið og
fræðst um jólin í gamladaga í Árbæjarsafni.

Í leik og samskiptum gerum við tilraunir og virkjum sköpunarkraft. Við eflum læsi og hæfni til
að tjá okkur um hugmyndir okkar, upplifun og tilfinningar.

8.4 Umbótaáætlun

Áformað var að faghópurinn hittist oftár utan vinnu og ræði ýmis mál tengd faginu og einnig
að hafa deildarfundi utan vinnutíma því það gafst vel en veturinn í vetur einkenndist af
veikindum og ýmsum öðrum upptakomum og því varð lítið úr því. En eitt skref aftur á bak,
kallar á tvö skref áfram og því munum við stefna að því að halda betur um samræðufundi af
ýmsu tagi ekki síst í ljósi þess að við erum að fara í þróunarvinnu með Barnasáttmálann og
Heimsmarkmiðin.

9 Öryggismál

Öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn hafa verið kosnir og flóttaleiðir og leiðbeiningar
settar upp á vegg. Brunaæfing var gerð á síðasta skólaári og verður endurtekin næsta
skólaár. Slysavarnarnámskeið eru einnig reglubundin og er stefnt að námskeiði næsta
starfsár.

9.1 Öryggisnefnd

Leikskólastjóri og sérkennslustjóri sitja í öryggisnefnd.

9.2 Áfallaráð

Stjórnendur eru ábyrgðarmenn þegar áföll verða og kalla til sín aðila sem tengjast barni,
starfsmanni eða aðstandendum eftir því sem þurfa þykir.

9.3 Innra eftirlit

Farið er yfir garðinn að morgni, lagað það sem hægt er og skráðar í bók athugasemdir sem
þarfnast skoðunar. Eldhús hefur sitt kerfi sem lýtur að heilbrigðisreglum. Allar deildir fylgja
skipulagi sem snýr að því að tryggja öryggi barna og starfsfólks.

9.4 Slys

Stórslys voru engin og smærri slys með færra móti undanfarin ár sem er gott. Slysaskýrslur eru skráðar og einnig eru slys skráð inn á nýja vefsíðu á vegum VÍS sem á að auka yfirsýn og eftirfylgni.

10 Lokaorð

Þessi vetur hefur verið lærdómsríkur og reynt verulega á starfsfólk. Það hafa verið langvarandi veikindi og frávera af ýmsum toga. Erfitt að finna tíma fyrir samtal og samráð sem er vont, því það heldur starfinu lifandi, stuðlar að þróun og tryggir að alltaf sé verið að vinna að hag barnanna. Það sem má þakka fyrir er að starfið er komið í ákveðinn farveg þar sem markmið og leiðir vinna saman og því verður auðveldara að finna lausnir og börnin hafa ekki fundið fyrir því eða það vonum við. Einnig hefur starfsmannahópurinn verið samheldinn og jákvæður. En mannekla og skortur á samtali reynir á fólk og þreytir og það kemur að því að þolmörkum er náð.

Það að fá betri vinnuaðstöðu og kaffistofu fyrir starfsfólk skipti eiginlega ótrúlega miklu máli. Það hafði áhrif á slökun starfsfólks og einbeitingu og er þakkarvert að það tókst og þó það eigi kannske ekki heima hér þá stóðu smiðir Kópavogsbæjar sig mjög vel.

Þrátt fyrir erfitt ár að sumu leyti eru allir spenntir og tilbúnir í næsta ár. Eins og alltaf er söknuður við að kveðja börn og tilhlökkun að kynnast nýjum. Það lítur út fyrir að næsta skólaár verði stór hluti yngri barna og við lögum okkur bara að því. Væntanlega mun úti- aðstaðan verða tilbúin til að taka á móti þeim hóp.

Alla vega erum við tilbúin í næsta starfsár, full tillhlökkunar og tilbúin í ný ævintýri.

Fyrir hönd starfsfólks

Linda Björk Ólafsdóttir

